

**1984 nr. 97 28. maí****Lög um bókasafnsfræðinga**

Tóku gildi 13. júní 1984. Breytt með: L. 21/2001 (tóku gildi 16. maí 2001). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og barnamálaráðherra** eða **mennta- og barnamálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Rétt til að kalla sig [bókasafns- og upplýsingafræðing]<sup>1)</sup> og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem til þess hefur leyfi [ráðherra].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 21/2001, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 104. gr.

**■ 2. gr.**

□ Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita:

1. [þeim sem lokið hafa BA-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein er jafngildir a.m.k. 60 námseiningum];<sup>1)</sup>

2. þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og a.m.k. 60 einingar í [bókasafns- og upplýsingafræði]<sup>1)</sup> við Háskóla Íslands;

3. þeim sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis sé námið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað;

4. [þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafns- og upplýsingafræði til viðbótar, þ.e. MA, MLS eða sambærilega háskólagráðu].<sup>1)</sup>

□ [Áður en leyfi er veitt skv. 3. og 4. lið skal leita umsagnar Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og bókasafns- og upplýsingafræðiskorar við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 21/2001, 2. gr.

**■ 3. gr.**

□ [Bókasafns- og upplýsingafræðingi]<sup>1)</sup> ber að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um bókasöfn sem í gildi eru á hverjum tíma.

<sup>1)</sup> L. 21/2001, 3. gr.

**■ 4. gr.**

□ Brot á lögum þessum varða sektum. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 233. gr.

**■ 5. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 104. gr.

**■ 6. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.